

Nd.

372. Nefndarálit

[29. mál]

um frv. til laga um raforkuveitur.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Í þessu frv. eru tvö meginatriði:

1. Að leggja skuli á árunum 1966—68 línur frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstöku vatnsaflstöðvum, þar sem meðalvegalegd milli býla er 2 km eða minni. — Samkvæmt áætlun raforkumálaskrifstofunnar frá 30. júní 1964 er hér um 774 býli að ræða, en inn á þá áætlun vantar raunar, að álitu flutningsmanna frv., allmörg býli hér og þar á landinu, þar sem meðalvegalegd er innan við 2 km. Línurnar, sem gert var ráð fyrir í áætluninni, eru taldar upp í greinargerð frv. og fjöldi býla við hverja línu.

2. Að gerð verði fyrir 1. okt. 1966 kostnaðaráætlun um raflínulagnir frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðalvegalegd er 2—2.5 km og 2.5—3 km, og verði sú áætlunargerð falin raforkuráði. Enn fremur verði ráðinu falið að gera tillögur um aukna aðstoð til vatnsaflstöðva og um uppsetningu dísilstöðva á heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þyki fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, enda séu tillögurnar um dísilstöðvar við það miðaðar, að notendur þeirra njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Í greinargerð frv. segir, að þetta gæti orðið annaðhvort á þann hátt, að hið opinbera kæmi stöðvunum upp og leigði þær fyrir hóflegt gjald, eða að veitt yrðu rifleg lán með lágum vöxtum og jafnvel beinn stuðningur til kaupa á dísilstöðvunum.

4. nóv. s. l. ákvað nefndin að senda frv. til umsagnar raforkuráði, raforkumálastjóra og Búnaðarfélagi Íslands.

Svar raforkuráðs er dagsett 15. nóv. Þar segir, að framkvæmdaáætlun héraðsveitna sé „enn til meðferðar“ í ráðinu og því „ekki auðið að taka afstöðu til frumvarpsins“.

Svar stjórnar Búnaðarfélags Íslands er einnig dags. 15. nóv. Þar segir m. a., að hafa beri í huga, að „þróun og vaxtaraukning dreifbýlisins“ sé „því mjög háð, að rafmagn sé þar tiltækt“.

Svar raforkumálastjóra er dagsett 24. nóv., og eru í því ýmsar upplýsingar fjárhagslegs eðlis, m. a. um áætlaðan stofnkostnað á býli, þar sem meðalvega-

lengd er allt að 2 km og þar sem meðalvegalegd er allt að 2½—3 km. Upplýst er, að hámarkslán út á vatnsaflstöð fyrir eitt býli sé nú 175 þús. kr. og fyrir 2 býli 250 þús. kr., en lánstími 20 ár og vextir 5%. Enn fremur, að lán út á 3½ kw. dísilstöðvar séu 35 þús. kr. og út á 6 kw. stöðvar 52 þús. kr., til 9—10 ára með 6% vöxtum. Talið er, að þessar lánsupphæðir nemi allt að 85% af kaupverði vélanna, „miðað við hagstæðustu kaup“. En stofnkostnaður dísilstöðvar er að sjálf-sögðu annar og hærri en kaupverð vélanna.

Nokkru eftir þinghléið ákvað nefndin að grennslast eftir því hjá raforkuráði, hvort það gæti, með því að langt var um liðið, bætt nokkru við svar sitt frá 15. nóv. eða tekið afstöðu til frv. Ræddi formaður nefndarinnar þetta mál við raforkuráð, og á fundi 18. marz skýrði hann henni frá því, að enn væri meðferð framkvæmdaáætlunarinnar ólokið í ráðinu og því ekki nýrra svara að vænta að svo stöddu. Á þessum fundi var málið afgreitt. Vildi meiri hl. n. vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. leggur til, að það verði samþykkt.

Minni hl. skirskotar til þess, sem upplýst er hér að framan, að áætlun raforkumálaskrifstofunnar um lagningu raflína til þeirra býla, þar sem meðalvegalegd er allt að 2 km, hefur nú verið til „meðferðar“ í raforkuráði síðan á miðju ári 1964 eða hátt á annað ár. Svo virðist sem raforkuráð biði eftir ákvörðun Alþingis, enda er það á valdi þingsins, og þess eins, að ákveða fjárveitingar eða lánsfjáröflun til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða. Telja verður, að málið liggi ljóst fyrir og ekki ástæða til að tefja það með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Upplýsingar, sem nýlega komu fram á Alþingi um kostnaðarlækkun vegna nýrrar raflínutækni, styðja jákvæða afgreiðslu frv.

Eftir er þá að sjá ráð fyrir þeim heimilum, er falla ekki undir reglur um allt að 2 km meðalvegalegd. En um þetta fjallar 3. gr. frv., sbr. það, er fyrr var sagt, að lagt verði fyrir raforkuráð að gera áætlun og tillögur um mál þeirra á þann hátt, sem nánar er til tekið. Í svari raforkuráðs er ekki að þessu atriði vikið og þá heldur engin athugasemd við það gerð, að ráðið vinni þetta verk. Ekki ætti að vera neitt því til fyrirstöðu, að áætlun og tillögur ráðsins gætu legið fyrir á næsta hausti, og er það þá Alþingis að taka ákvörðun um það mál og þar með lokastig rafvæðingar landsbyggðarinnar, á hvern hátt það skuli framkvæmt og hvenær.

Biðin er löng og óvissan örðug fyrir heimilin, sem hér eiga hlut að máli, og þau eru mörg víðs vegar um land. Tillögur, er þessi efni varða, hafa verið uppi á mörgum undanförunum þingum, og sýnist nú ekki ástæða til þess fyrir þingið að víkja sér lengur undan þeim ákvörðunum, sem í þessu frv. felast.

Alþingi, 20. marz 1966.

Gisli Guðmundsson,
frsm.

Þórarinn Þórarinsson.

Eðvarð Sigurðsson.